

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Flóahreppi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur sveitarstjórn Flóahrepps samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlun:

Deiliskipulag, Grænhólar, lóð 1, landnr. 218185.

Deiliskipulagið tekur til 9,8 ha spildu í Grænhólum, lóð 1, landnr. 218185. Gert er ráð fyrir að byggja íbúðarhús, skemmu og allt að þrjú lítil gistihús ásamt því að stofna lögbýli á landspildunni. Skipulagið er í samræmi við aðalskipulag Flóahrepps 2017-2029, þar sem svæðið er skilgreint sem landbúnaðarland og verslunar- og þjónustusvæði, VP18. Samþykkt í sveitarstjórn 3. apríl 2019.

Ofangreind deiliskipulagsáætlun hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 29. ágúst 2019.

Skipulags- og byggingarfulltrúi uppsveita bs.,

Rúnar Guðmundsson.

B-deild – Útgáfud.: 12. september 2019